

Skýrsla stjórnar flutt á ársþingi Kraftlyftingasambands Íslands háð þann 20.03.21

Þingforseti – ágætu þingfulltrúar

Nú lýkur ellefta starfsári Kraftlyftingasambands Íslands sem hófst á síðasta þingi sem var háð í Reykjavík 29.febrúar 2020 – daginn eftir að fyrsta Covid-smit greindist á Íslandi.

Covid-faraldurinn

Heimsfaraldurinn setti mark sitt á allt samfélagið í fyrra, íþróttastarf þar með talið. Æfingar og keppni voru lengi vel bannaðar, samkomutakmarkanir í gildi og ferðalög erfið. Mér vitanlega hefur enginn í okkar hópi veikt alvarlega sem betur fer, en líf okkar allra hefur verið sett úr skordum með einum eða öðrum hætti.

Öll alþjóðamót voru felld niður nema EM öldunga í klassískum kraftlyftingum og þangað náði Sigþrúður Erla Arnardóttir að skjótast og næla sér í silfurverðlaun í +84 kg flokki M2. Aðrir keppendur misstu af sínum tækifærum og ætla ég ekki að hafa mörg orð um hversu svekkjandi það hefur verið. Ég get hins vegar ekki betur séð en að flestir ef ekki allir okkar afreksmenn hafa haldið sínu striki og náð að æfa ágætlega við erfiðar aðstæður og sett stefnuna ótrauðir fram á við.

Það sýnir andlegan styrk sem ég dáist að og sem hefur hvatt okkur hin til eftirbreytni.

Strangar sóttvarnaaðgerðir stjórnvalda skiluðu árangri en lögðust þungt á íþróttafélög og sérsambönd. Þyngra þó á mörg önnur en á okkur.

Greinar sem veita hundruðum manna atvinnu, reka og viðhalda stórum mannvirkjum og hafa tugþúsundir barna og ungmenna á sínum vegum höfðu eðlilega áhyggjur af sinni stöðu og urðu fyrir miklu raski og töluverðu tekjutapi.

Stjórn og starfsmenn ÍSÍ stóðu undir sinni ábyrgð við þessar aðstæður að mínu mati. Mikil vinna var lögð í að skýra og samræma aðgerðir innan hreyfingarinnar, náð samstarf var haft við sóttvarnaryfirvöld og fjárveitingavaldið um aðgerðir og viðbrögð. Unnið var af festu og æðruleysi og lögð var áherslu á upplýsingastreymi og samráð innan hreyfingarinnar. Við fengum alltaf snör viðbrögð og skýr svör við okkar erindum og aðstoð þegar á þurfti að halda.

Staðan gaf tilefni til áhugaverðrar umræðu í þjóðfélaginu um gildi íþróttar og hreyfingar fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði fólks á öllum aldri og það tel ég hafi verið til góðs.

Kraftlyftingasambandið þurfti ekki að takast á við tekjuhrun í aðgangssölu og auglýsingatekjum en við gátum heldur ekki unnið mikið í uppbyggingu og nýliðun og óvissan um stöðuna nánast dag frá degi tók á. Á tímabili fannst mér starf mitt aðallega felast í að uppfæra sóttvarnarákvæði og aflýsa viðburðum, en ýmislegt gátum við þó unnið til góðs eins og fram kemur í þessari skýrslu.

Nú eru félög og sérsambönd að halda sín ársþing og þing ÍSÍ verður í maí. Fróðlegt verður að sjá hvernig menn koma undan þessu ári þegar upp er staðið og hvaða langtímaáhrif þetta mun hafa. Lærdómur er hægt að draga af öllum erfiðleikum.

Mannauður

Stjórn sambandsins var þannig skipuð ár árinu.

Gry Ek Gunnarsson formaður

Þórunn Lilja Vilbergsdóttir varaformaður

Laufey Agnarsdóttir, ritari

Aron Ingi Gautason, gjaldkeri

Inga María Henningsdóttir, Auðunn Jónsson og Muggur Ólafsson meðstjórnendur.

Muggur var kjörinn á síðasta þingi en sagði sig fljótlega frá stjórnarstöfum og hefur ekki tekið þátt í verkefnum á árinu. Þar sem ekki er gert ráð fyrir varamönnum í lögum okkar kom enginn í hans stað.

Í tillögum að lagabreytingum sem verða lagðar fyrir þingið á eftir er lagt til að leyft verði að kjósa nýjan stjórnarmann til eins árs í svona tilfalli. Verði sú tillaga samþykkt verður manni bætt í stjórn í dag til eins árs.

Inga María tók fæðingarorlof sl sumar til að sinna Heiðrúnu Ylfu sem kom í heiminn við almennan fögnuð og hefur brugðið fyrir á zoomfundum. Inga kom fljótlega til starfa á ný en Laufey tók við ritarastarfinu af henni.

Stjórnin hefur haldið 17 bókaða stjórnarfundum og einn formannafund frá síðasta kraftlyftingaþingi og hafa þeir flestir verið tölvufundir. Auk þess hafa verið haldnir margir minni óskráðir vinnufundir, og stjórnarmenn hafa fundað með ýmsum einstaklingum, félagasamtökum og opinberum aðilum s.s. ÍSÍ og afrekssjóði og heilbrigðisyfirvöldum. Þá er ótalin fjöldinn allur af símtölum, tölvupóstum og snúningum og ég vil þakka stjórnarmönnum gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Þrjú félagar ganga úr stjórn á þessu þingi, Inga María Henningsdóttir, Þórunn Lilja Vilbergsdóttir og Auðunn Jónsson. Auðunn hefur reyndar gefið kost á sér til endurkjörs. Ég vil þakka þeim óeigingjarnt sjálfboðastarf í þágu íþróttamála á Íslandi og góð kynni og óska þeim alls hins besta.

Ég ætla að leyfa mér að þakka Þórunni fráfarandi varaformanni sérstaklega. Hún hefur setið í stjórn frá 2017 og verið formanni mikill styrkur. Ég mun sakna hennar dómgreindar og góðra ráðlegginga.

Skrifstofa sambandsins er í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Lára Bogey Finnbogadóttir er starfsmaður í 30% starfi. Magnús Magnússon færir bókhaldið fyrir okkur og gerir ársreikning og vil ég þakka þeim báðum fyrir störfin

Á árinu hafa starfað eftirfarandi nefndir: dómaranefnd, laganefnd, mótanefnd, landsliðsnefnd og heiðursmerkjanefnd. Formenn voru kosnir til tveggja ára á síðasta þingi og sitja því áfram eitt ár til.

Dómaranefnd: Sólveig H Sigurðardóttir, Helgi Hauksson, Sturlaugur A Gunnarsson.

Laganefnd: Þórunn Vilbergsdóttir og Sigurjón Pétursson.

Mótanefnd: Einar Örn Guðnason, Ellert B Ómarsson og Þórunn Jónasdóttir

Landsliðsnefnd: Róbert Kjaran, Helgi Hauksson, Auðunn Jónsson

Heiðursmerkjanefnd: Gry Ek, Auðunn Jónsson, Guðjón Hafliðason.

Ég vil þakka nefndarmönnum fyrir störfin, en vel virkar nefndir er mikil aðstoð við stjórn. Samkvæmt Felix eru skráðir félagar 1404 (1462@2019) sem er svipað og í fyrra.

Erlend samskipti og samstarf

Ísland á tvo starfandi fulltrúa í alþjóðastarfi. Sigurjón Pétursson situr sem varaforseti IPF og Gry Ek situr í stjórn NPF og er vefstjóri þar.

Þing IPF 2020 var ekki haldið en ársskýrsla og reikningar voru sendir út og samþykktir rafrænt.

Sami háttur var hafður á hjá EPF, þar sem skýrsla og reikningar voru sendir út og samþykktir rafrænt. Það misfórst að senda atkvæði Íslands innan tilskilins frests og skrifast það alfarið á formanninn sem sofnaði á verðinum og getur ekki annað en beðist afsökunar með kinnroða á þeim mistökum.

Nú stendur yfir aukaþing IPF rafrænt og atkvæðagreiðsla um tillögur stjórnar til breytinga á lögum og reglum. Mjög skiptar skoðanir eru meðal aðildarþjóða um tillögurnar og framkvæmd atkvæðagreiðslunnar og verður það fyrsta verk nýs stjórnar að taka afstöðu fyrir hönd Íslands.

Lög og reglugerðir

Tæknireglur IPF tóku breytingum á árinu og var þeim snarað á íslensku af Helga Haukssyni og voru komnar á vefinn í janúar sl. Kunnum við honum þökk fyrir.

Meðal annars var gerð breytingu á skipun þyngdarflokka kvenna og ákvað stjórn að við breytingunni yrðu íslandsmet í -63 kg flokki jafnframt sett sem met í -69 kg flokki og metin í -72 kg flokki yrðu skráð sem met í -76 kg flokki.

Samkvæmt ákvörðun kraftlyftingaþings 2020 var keppt á DOTs stigum á innanlandsmótum í fyrra. Nú hafa verið tekið upp ný IPF stig sem virðast gefa sanngjarnara mynd af árangri keppenda og er það tillaga stjórnar á þessu þingi að við tökum þau upp héðan í frá. Ég vænti að það verði formsatriði.

Landsliðslágmörk voru uppfærð á árinu. Það gerði Aron Friðrik Georgsson og þökkum við honum það.

Reglur um kraftlyftingakeppni og um félagsaðild voru uppfærðar á árinu.

Ný lög um lyfjamál hafa tekið gildi og Lyfjaeftirlit Íslands hefur tekið til starfa sem sjálfstæð stofnun. Við gerum ráð fyrir að hið góða samstarf milli KRAFT og lyfjaeftirlitsins haldi áfram og verður Lára Bogey sérstakur tengiliður okkar í þeim málum.

Heildarendurskoðun á lögum KRAFT fór fram á þinginu 2019. Stjórnin leggur á þessu þingi fram tillögur til smávægilegra breytinga og lagfæringa sem hafa verið sendar út og verða kynntar á sínum stað í dagskránni.

Mótamál

Fjölmennt byrjendamót fór fram í febrúar áður en skellt var í lás og tekin var ákvörðun um að fresta öllum öðrum mótum á fyrri hluta árs.

Þá var undirbúningur löngu hafinn undir Vestur-Evrópumótið sem átti að fara fram í Njarðvíkum í september og héldum við lengi í voninni um að hægt yrði að halda það, en urðum svo að lúta í lægra haldi fyrir veirunni og fell mótið niður. Fyrir hönd KRAFT og EPF ætla ég samt sem áður að þakka Massa fyrir þá vinnu sem þeir voru búnir að leggja í undirbúninginn.

Massi tók í staðinn að sér að halda ÍM og fóru þau mót fram í Njarðvíkum í September. Framkvæmdin dreifðist reyndar á mörg félög og kom það berlega í ljós sem við vitum að meistaramótahald er ekki á færi eins félags.

Breiðablik hélt ÍM í réttstöðulyftu í Kópavogi í cóvidpásunni í júní. Stjórn hefur ákveðið að hér eftir verður keppt bæði með og án búnaðar á þessu meistaramóti. Önnur mót ársins voru felld niður.

KRAFT tók þátt í Reykjavíkurleikunum 2021 í janúar sl en lengi var óljóst hvort leikarnir gætu farið fram.

Um áramótin skall á önnur smitbylgja í Evrópu og við urðum að sætta okkur við að mótið yrði innanlandsmót að þessu sinni og fór það fram í Sporthúsinu í Kópavogi.

Kraftlyftingadeild Ármanns var skráður framkvæmdaraðili eins og undanfarin ár, en það er ljóst að sú deild hefur ekki burði til að halda þetta mót óstudd og ósanngjarnt að gera ráð fyrir því.

Það er nauðsynlegt verkefni nýrrar stjórnar að setja reglur um framkvæmd þessa móts sem hefur unnið sér sess bæði hér heima og hjá IPF. Almennur vilji virðist vera til að halda áfram með mótið.

Framkvæmd móta er reyndar mál sem þarf að taka til umræðu. Við viljum ræða það nánar undir liðnum önnur mál, hvernig við getum bætt tæknimál, dómgæslu og mönnun og gert mótahaldið betra og lífið einfaldara fyrir mótshaldara.

Þetta er mál sem við verðum að finna út úr í sameiningu, stjórn og aðildarfélög.

Miðlar

Kraft.is er aðalupplýsingasíða sambandsins og hefur hún aðallega verið í umsjón formanns á þessu ári. Við létum uppfæra vefinn aðeins á árinu og taka til í kóðanum.

Stjórnin ákvað að efla nærveru KRAFT á facebook og Instagram og hefur Laufey Agnarsdóttir ritari séð um það með glæsibrag. Það er nauðsynlegt að vera sýnileg á þessum miðlum og hvetjum við okkar félagsmenn til að vera dugleg að deila og dreifa fréttum sem víðast.

Sambandið heldur úti youtuberás og hefur mótum verið streymt þar. Við höfum eflt streymi og ætlum að halda því áfram. Bjarni Einarsson hefur aðstoðað okkur við það og þökkum við honum fyrir.

Gagnabankinn okkar er í umsjón Klaus Jensen sem hefur reynst okkur betur en enginn. Hann hefur gert nauðsynlegar breytingar á árinu vegna hinna nýju IPF-GL stiga og breytinga á þyngdarflokkum.

Gaman er að geta þess að Árnastofnun heldur úti iðorðasafni og höfum við tekið saman orðasafn úr kraftlyftingum sem verða skráð þar.

Umfjöllun fjölmiðla um íþróttina okkar hefur verið nokkur á árinu og hafa skemmtileg viðtöl verið tekin við afreksmenn og konur sem hafa verið sér og okkur mjög til sóma.

FRÆDSLUMÁL OG HÆFILEIKAMÓTUN

Gagnger endurskoðun á fagteymismálum var gerð á árinu og komu nýir aðilar til liðs við okkur

Samningur við Atlas var aukinn og bættur – aðgangur að bráðaþjónustu fyrir A-fólkið. Geir Gunnar Markússon og Agnes Árnadóttir veita ráðgjöf um næringu og heilbrigðan lífsstíl.

Erlendur Egilsson og Helgi Héðinsson íþróttasálfræðingar veita ráðgjöf á því sviði. Mótaðar hafa verið reglur um styrki til afreksmanna vegna þjónustu sjúkrahjálfa og annarra fagaðila en afreksjóður veitir styrk til þeirra mála.

Í upphafi árs 2020 var farið af stað með úrvalshóp ungmenna sem liður í hæfileikamótun sambandsins. Það fór mjög vel af stað en er dæmi um verkefni sem er búið að vera í biðstöðu í kófinu.

Afreksbúðir voru á dagskrá í haust og var undirbúningur kominn nokkuð langt þegar bylgja tvö skall á og ljóst var að ekki yrði hægt að halda það. Fræðsluerindin voru þó haldin á netinu og tókst það vel.

Fjórir alþjóðadómarar hafa endurnýjað réttindi sín fyrir næstu fjögur ár. Tveir hafa fallið af listanum og er það ekki það sem við viljum sjá.

Enginn var skráður í dómaraþrófið sem boðið var upp á í byrjun ársins og er það heldur ekki í takti við markmiðin.

Áætlað var dómaraþróf nú í febrúar en hætt var við vegna covid-óvissu en vonandi verður hægt að finna annan tíma og útskrifa dómara á árinu. Það veitir ekki af – við höldum ekki mót án þeirra.

Kraftlyftingapjálfaranámskeið hófst 7.mars – og lauk í raun daginn eftir – vegna covid. Búið var að leggja mikla vinnu í skipulagið og átti þetta að vera hands-on nám sem ekki væri hægt að klára gegnum tölvu. Verkefnasjóður ÍSÍ lofaði styrk í verkefnið og eigum við það loforð vonandi inni þegar við getum haldið áfram.

Það hefur verið mikill áhugi á þjálfaranámi og það er brýnt verkefni nýrrar stjórnar að koma námskeiðinu á koppinn aftur.

Landsliðs- og afreksmál.

Auðunn Jónsson starfar sem íþróttastjóri og var starfshlutfall hans hækkað í 30% í upphafi árs.

Hans starf snérist að miklu leyti upp í að aðstoða menn við að koma sér upp æfingaraðstöðu, fylgjast með æfingum og stappa stálið í menn. Hann hefur verið í reglulegu sambandi við afreksmenn, fagteymi og afreksjóð og margir hafa leitað til hans með alls konar úrlausnarefni.

Eins og fram hefur komið var öllum alþjóðamótum felld niður á árinu og verðlaun því enginn – nema á RIG 2020 og silfurverðlaun Sigprúðar og EM öldunga.

Óskað var eftir tilnefningum í landsliðsverkefni 2021 eins og venjulega og hefur stjórnin samþykkt tillögur landsliðsnefndar um valið. Nefndin þarf að leysa úr óvenjulega mörgum

undanþágubeiðnum þar sem tækifæri manna til að ná lágmörkum og uppfylla önnur skilyrði fyrir landsliðsþátttöku voru fá á árinu. Því þarf að meta hvert einstaka tilfelli af sanngirni. Ég er viss um að við finnum lausnir og vona að allir okkar afreksmenn og konur fái tækifæri til að sýna sig á árinu.

AFREKSSJÓÐUR - AFREKSSTEFNA

Afrekssjóður ÍSÍ veitt styrk til KRAFT árið 2020 eins og fram kemur í ársreikningi. Styrkurinn var eyrnamerkur ákveðnum verkefnum – en eins og fram hefur komið var hætt við fjölmörg þeirra. Heilmikil vinna hefur því farið fram hjá ASJ og Aroni gjaldkera að endurskoða og endurmeta alls konar verkefni og endurgreiða hluta af styrknum og mun hann gera grein fyrir því betur á eftir.

Við höfum fengið úthlutað styrk fyrir 2021 í samræmi við umsókn og vonandi fáum við tækifæri til að fullnýta hann.

Afreksfólk

Keppnisárið 2020 stóð varla undir nafni þar sem keppnishald var mjög takmarkað og fá tækifæri fyrir afreksmenn að sýna sig.

Af þeim sökum velti stjórnin fyrir sér hvort nægur grundvöllur væri til að útnefna kraftlyftingafólk ársins, en nokkur mót voru þó haldin og árangur þar eftirtektarverður. Því var ákveðið að réttlætandi og nauðsynlegt væri að viðurkenna þann árangur með tilnefningu og að leggja stigarárangur til grundvallar. Í samræmi við ákvörðun þingsins 2020 var DOTS stigataflan látin gilda.

Stjórnin ákvað að fella niður stigakeppni liða 2020 vegna covid.

Kraftlyftingakona ársins 2020 er Sóley Margrét Jónsdóttir, Breiðablik, með 531,98 DOTS stig
Kraftlyftingakarl ársins 2020 er Júlían J K Jóhannsson, Ármann, með 594,32 DOTS stig

Kraftlyftingamenn hlutu víðar viðurkenningar í heimabyggð og má þar nefna Viktor Samúelsson var kjörinn íþróttakarl Akureyrar og ekki í fyrsta sinn.

Sóley Margrét Jónsdóttir er fædd 2001 og keppir fyrir Breiðablik.

Sóley var á árinu íslandsmeistari í kraftlyftingum og í réttstöðulyftu í +84 kg flokki kvenna.

Hún setti íslandsmet í bekkpressu og bekkpressu/single lift með 180 kg, í réttstöðulyftu og réttstöðulyftu/single lift með 220 kg og samanlagt með 665 kg. Það er mesti þyngd sem íslensk kona hefur tekið og er ekki nema 10 kg frá Eorópumetinu í hennar aldurs- og þyngdarflokki.

Sóley setti á árinu Norðurlandamet í hnéþyngju, bekkpressu, bekkpressu/single lift og samanlögðu í +84 kg flokki unglunga.

Júlían Jóhann Karl Jóhannsson er fæddur 1993 og keppir fyrir Ármann.

Júlían varð á árinu íslandsmeistari í kraftlyftingum og í réttstöðulyftu í +120 kg flokki karla. Hann setti íslandsmet í hnéþyngju með 415 kg, í bekkpressu og bekkpressu/single lift með 330,5 kg og í réttstöðulyftu/single lift með 409 kg.

Þá er upptalin helstu tíðindi af starfinu á þessu dæmalausum ári

Ég vil aftur þakka öllum sem hafa komið að starfinu 2020.

Ég þakka skrifstofu og starfsmönnum ÍSÍ fyrir gott samstarf.

Ég óska öllum heilsu og heilla á nýju ári.

Reykjavík 20.mars 2021
Gry Ek Gunnarsson
Formaður Kraftlyftingasambands Íslands

ÁRANGUR Á ALÞJÓÐAMÓTUM

EM ÖLDUNGA Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Sigprúður Erla Arnardóttir – 84+ flokki M2 – silfurverðlaun samanlagt